

arins/borgarinnar/þjóðfélagsins.

Hér hafa verið tekin dæmi af ensku námsefni til að gefa hugmynd um það hvernig mætti framkvæma friðarfræðslu í framhaldsskólum. Auðvitað myndu kennarar og aðrir þeir sem að námsefnisgerð standa hérlandis, sjá um að útbúa það námsefni, sem best þætti henta íslenskum aðstæðum í samræmi við viðurkennd markmið fræðslunnar. Erlandis hefur þessi fræðsla oft verið í nánun tengslum við kirkjur, enda á siðfræði og friðarboðskapur kristinnar trúar samleidd með markmiðum og viðleitni friðarfræðslu. Foreldrar hafa einnig tengt þessari fræðslu og er þarna vettvangur þar sem kjörð væri að auka tengsl fjölskyldu og skóla.

Friðarfræðsla og pólitík

Orðið friðarfræðsla er gildislaðið og e.t.v. óheppilegt, þar sem það býður upp á vissa möguleika til misskilnings. Sumir hafa látið í ljósi ótta um, að friðarfræðsla verði vettvangur einhliða áróðurs. Nokkrir hafa látið sér detta í hug að nú ætti að fara að kenna Stórasannleik um alþjóðastjórnsmál í dagvistarstofnunum, eða þá að spilla ætti saklausri bernsku m.þ.a. fylla börn af ótta. Enn aðrir hafa haldið því fram, að skólarnir geti alls ekki kennt um slík mál, til þess séu þau of pólitísk.

Nú ætla ég að vona, lesandi góður, að ljóst sé af skrifum mínum, að ekki er ætlunin að kenna um alþjóðastjórnsmál á dagvistarstofnunum, né heldur að vekja ótta með litlum börnum gagnvart einhverju sem þau skilja ekki og ráða ekki við. En því má ekki gleyma, að hversu vel sem við vildum geta verndað börnin okkar, þá kemur óttinn til þeirra úr umhverfinu fyrir en síðar. Sjónvarp, myndbönd og kvikmyndir flytja ofbeldi í auknum mæli að augum og gljúpum hugum barna og unglunga. Er það bæði í fréttum af átökum og styrjöldum sem lýst er á sífellt óvægðari hátt og einnig í

leiknum myndum þar sem einstaklingar beita hvor annan grófu ofbeldi í návígi. Vitneskjan um tortímingargetu kjarnorkuvopna skilar sér líka fyrir en síðar og henni fylgir ótti, vonleysi, vanmáttur og reiði gagnvart foreldrunum og hinum fellorðnu, sem búa barninu svo brothættan og ótrygga heim. Besta vörnin gegn óttanum er þekkingin og það er hún sem þarf að miðla í samræmi við þroska og getu barna til að skilja.

Hvað varðar hættu á einhliða áróðri vil ég benda á, að áður nefnd markmið friðarfræðslu ættu einmitt að koma í veg fyrir að einstaklingar verði einhliða áróðri að bráð. Friðarfræðsla miðar að því að auka vísýni, umburðarlyndi, skilning og þekkingu. Það er miklu fremur þegar skilningur og þekking á málefni er fyrir hendi að hægt er að draga sjálfstæðar ályktanir og mynda sér skoðanir óháð áróðri. Sú fullyrðing að skólinn geti ekki kennt þetta efni vegna þess að það sé of pólitískt finnst mér lýsa ósanngjörnu mati á kennurum. Að þessari kennslu hlýtur að verða staðið eins og annarri, sem við treystum kennurum fyrir að miðla til barna okkar og unglunga. Ég sé ekki meiri ástæðu til að vantroysta þeim í þessum efnum en öðrum.

Hvað með þá kennslu í mannkynssögu, hagfræði, stjórnmálasmögu, heimspeki og trúarbrögðum, sem þegar er stunduð í framhaldsskólum landsins? Þar hlýtur að vera óhjákvæmilegt að fjalla um ágreiningsmál, mál, sem eru í eðli sínu pólitísk. Munur er þó talsverður á því hvort slíkt er gert af flokkspólitískri þróingsýni eða hvort gætt er vísýnis og hlutleysis til að tryggja það, að nemendur fái yfirvegaða mynd af hverju máli. Ég er þess fullviss, að við getum treyst kennurum til þess síðara og furða mig á því, að nokkur skuli efast um hæfni þeirra til að tryggja slíkt. Hitt er annað, að það er stórpólitískt mál fyrir nútímamanninn að takast á við sjálfan sig í því einvígi við eðli sitt, sem tæknihyggja hans hefur

þvingað hann til. Hið sama verða börn framtíðarinnar að gera og það hlýtur að vera öllum foreldrum og uppalendum sameiginlegt að vilja búa börnum sínum sem best veganesti til lífsgöngunnar. Þess vegna getum við ekki stungið höfðinu í sandinn í þeirri von að sá ógnarvandi, sem hlýst af óbreyttri stefnu okkar, fari sjálfkrafa hjá. Skólinn hlýtur ásamt foreldrum og öðrum uppalendum að þurfa að mæta því hlutverki að búa einstaklingana undir lífið, undir það að takast á við þau vandamál, sem blasa við og biða þeirra.

Af þessum skrifum má sjá, að friðarfræðsla er nánast tvíþætt í framkvæmd sinni. Jafnframt því, sem hún stundar mannrækt, stuðlar hún að umhverfisvernd. Hjá ungum börnum miðar hún fyrst og fremst að því að vernda, efla og rækta frið í hinu innra umhverfi barnsins. Hjá þeim sem eldri eru leitast hún við að styrkja einstaklinginn til þess að varðveita frið í ytra umhverfi sínu.

„Friðarhugsunin og friðurinn gerist ekki án fyrirhafnar,“ sagði einn þingmanna í umræðum um þetta mál á Alþingi. Þó að oft hafi verið þörf er nú meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að efla frið milli manna og þjóða. Þess vegna verðum við að halda áfram á hinni fyrirhafnarsömu leið okkar til fríðsamlegra samskipta með öllum tiltækum ráðum.

Friðarfræðsla er að mínu mati eitt af vænlegum ráðum til að ná þessu marki.

- i) „Mannkyn, sem kann að smíða kjarnorkuvopn þarfnast friðarfræðslu“, Guðrún Agnarsdóttir, Mbl. 12/4 1984, bls. 26 og 27.
- ii) A Manual on Nonviolence and Children, editor Stephanie Judson Nonviolence and Children Program. Friends Peace Committee 1501 Cherry Street, Philadelphia, PA 19102, USA.
- iii) Report of a Working Party on Peace Education Education Department County Hall, West Bridgford Nottingham NG2 7QP England.

Guðrún Agnarsdóttir er alþingis-
maður Kvinnalistsins.



Hinn nýi Unimog Hjálparveitarinnar.

Aðalfundur Hjálparveitar Skáta í Reykjavík

Kölluð 14 sinnum út á síðasta ári

NÝLEGA var haldinn aðalfundur Hjálparveitar skáta Reykjavíkur. Á fundinum var lögð fram skýrsla stjórnar, en þar kom meðal annars fram að sveitin var kölluð út 14 sinnum á síðasta ári, og þar af þrisvar til aðstoðar vegna ófærðar á götum borgarinnar.

Eins og undanfarin 17 ár hélt sveitin námskeið í rötun og ferðamennsku fyrir almenning, en námskeið þessi eru haldin á haustin áður en rjúpnaveiðitímabilið hefst. Á síðasta ári náðist sá merki áfangi að sveitin gat flutt alla sína starfsemi í Skátaheimilið að Snorrabraut 60 úr Ármúlasólunum þar sem hún hafði verið með

fundaaðstöðu og birgðageymslur en bílar sveitarinnar höfðu verið á hrakhólum hingað og þangað síðustu ár. Nú á næstunni er ætlunin að taka formlega í notkun nýjan Mercedes-Benz Unimog 1300L, sem nýlengi er við að byggja yfir og klæða. Mun billinn vera útbúinn til sjúkra- og mannaflutninga og taka 15 farþega í sæti eða 2 farþega og 4 sjúkrabörur. Í stjórn voru kjörnir: Jón Baldursson, sveitarforingi, Eiríkur Karlsson 1. aðstoðarsveitarforingi, Kristinn Ólafsson 2. aðstoðarsveitarforingi, Magnús Pétursson, gjaldkeri, Halldór Hreinsson, ritari. Varastjórn: Benedikt Þ. Gröndal, Árni Arnason.

Frá Skólabrú til Gullinbrúvu

Undirbúningur hafin að sögu- og skipulagssýningu borgarinnar

Sögu- og skipulagssýning verður haldin á Kjarvalsstöðum 12–21. maí næstkomandi. Er markmið hennar að sýna borgarbum og öðrum landsmönnum ýmsa þætti úr skipulagi Reykjavíkur og verður henni skipt niður í sex aðalhluta: Söguleg þróun byggðar, nýleg skipulagsverkefni, félagsmál og frítímaíðja, íbúar og athafnalíf, umferðarmál, framtíðarsýn.

Þjarna Reynarssyni skipulagsfræðingi á Borgarskipulagi Reykjavíkur hefur verið falið að sjá um framkvæmd og uppsetningu sýningarinnar og átti blm. Mbl. viðtal við hann í síðustu viku af þessu tilefni.

„Borgin hefur breyst og þanist svo út á fáum árum að fólk nær

ekki að fylgjast með og eldri borgarar hafa margir hverjir ekki komið í úthverfin,“ sagði Bjarni. „Það er vilji borgaryfirvalda að borgarbum geti kynnt sér sem best nýjustu skipulagsverkefni og áætlanir í skipulagi því áhugi og afskipti þeirra af umhverfismálum fer ört vaxandi.“

Framundir þennan tíma hefur skipulagsvinna aðalega falist í því að skipuleggja ný hverfi en athyglin beinist nú í vaxandi mæli að endurskipulagningu eldri hverfa borgarinnar. Mikil þörf er því fyrir sýningu sem þessa, þar sem dregin er fram heildarmynd af þróun borgarinnar svo menn skilji betur það umhverfi sem einkenndi eldri hverfi og kynnist því hvernig staðið var að skipulagi þeirra. Því að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja.

Sýningin mun rekja í grófum dráttum þróun borgarinnar úr litlu sjávarþorpi í nútíma borg, með kortum, ljósmyndum og loftmyndum. Þá verða sýndir helstu þættir í þróun nokkurra þjónustustofnana borgarinnar svo sem SVR, Æskulýðsráðs, Reykjavíkurhafnar, Félagsmálastofnunnar, veitustofnana og fleiri. Einnig er stefnt að því að kynna stuttlega breytingar á mannfjölda, athafnalífi og frítímaíðju borgarbúa seinustu áratuginna.

Sem dæmi um nýleg skipu-



Byggingarframkvæmdir í Nýja miðbænum.

lagsverkefni sem kynnt verða er Grafarvogsskipulagið, nýtt skipulag á nýja miðbænum, til lögu að nýju skipulagi í vesturhluta Kvosarinnar og nýtt skipulag í Sogamári þar sem blandað er saman útivistar- og miðbæjarstarfsemi. Umferðarmálum verða gerð ítarleg skil og tillögur um nýtt leiðakerfi SVR

verða kynntar og líklega umferðarspá fyrir höfuðborgarsvæðið árið 1990 svo dæmi séu nefnd. Einnig verður skyggst til framtíðarinnar og þá sérstaklega kynnt áætluð uppbygging í borginni næstu fimm til tíu árin.

Til álíta hefur komið að kalla sýninguna „Frá Skólabrú til Gullinbrúvu“. En Gullinbrúva

heitir brúin sem áætlað er að tengja við Grafarvog. Kristján Ragnarsson arkitekt verður mér til aðstoðar við uppsetningu sýningarinnar en hún verður opnuð á laugardaginn 12. maí klukkan tvö, og Guðni Pálsson hefur með höndum umsjón veglegs kynningarbæklings sem gefa á út í tengslum við hana.“



Bjarni Reynarsson skipulagsfræðingur sér um uppsetningu og framkvæmd sýningarinnar.